

# Þingsályktun

## um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að efna til viðræðna við aðila vinnu-  
markaðarins og fulltrúa sveitarfélaganna um leiðir til að tryggja jafnræði við launasetningu  
ólíkra starfsstétta sem vinna hjá hinu opinbera. Ráðist verði í greiningu á launakjörum ólíkra  
starfsstétta, m.a. til að draga fram kynbundinn launamun, og sérstaklega verði horft til  
reynslu sveitarfélaga af starfsmati og skoðað hvort sú aðferðafræði geti nýst við mat á störf-  
um á vegum hins opinbera.

*Samþykkt á Alþingi 11. júní 2018.*